

Lífræn mjólkurframleiðsla

Lífræn mjólkurframleiðsla hefur ekki verið mikil á Íslandi og í dag eru einungis þrjú kúabú með lífræna vottun frá vottunarstofunni TÚN. Lífrænar mjólkurvörur seljast eins og heitar lummur, þar sem þær fást, en afurðastöðinni Biobú ehf vantar fleiri lítra til að geta annað eftirspurn á lífrænni drykkjarmjólk og boðið upp á fleiri vörutegundir eins og t.d. lífrænan ost. Biobú ehf kaupir alla lífræna mjólk sem er framleidd héraðs í dag en heildarmagn mjólkur sem fór í gegnum Biobú árið 2015 var um 300.000 lítra en hér er um að ræða mjólk frá rúmlega 2 býlum (þriðja býlið notar mjólkina að mestu leyti í einkaneyslu). Álagsgreiðsla vegna lífrænnar vottunar er tæplega 45% sem Biobú greiðir bændum fyrir mjólkina ofan á afurðastöðvarverð.



Markaðssetning lífrænna afurða er einungis leyfileg ef faggild vottunarstofa hefur reglubundið eftirlit með starfseminni og vottar hana í kjölfar árlegra úttekta.

Eitt af markmiðum búvörusamnings sem var undirritaður 19. febrúar sl. er að auka vægi í lífrænnar framleiðslu. Í ljósi þess að eftirspurn eftir lífrænum landbúnaðarvörum er til staðar og aukið fjármagn er að ratar í greinina vil ég fara hér yfir helstu einkenni lífrænna mjólkurframleiðslu en fyrirmæli í henni eru töluvert frábrugðin þeirra í hefðbundinni mjólkurframleiðslu.

Sérstaða lífrænna mjólkurframleiðslu

Aðbúnaður

Í lífrænni búfjárrækt er sérstök áhersla lögð á velferð og aðbúnað dýra með tilliti til heilsufars, hreysti og lífaldur gripa og ekki síst sem fyrirbygging sjúkdóma. Reynt er að koma sem mest til móts við náttúrulegar þarfir kúnna og uppfylla þær í samræmi við eðli þeirra og afurðir. Mjólkurkúr á lífrænum búum hafa að lágmarki 6 m² innanhússrými yfir að ráða og eiga þær að hafa aðgang að utanhússrými sem nemur að lágmarki 4,5 m² á kú og aðgang að beitilandi hvenær sem skilyrði leyfa. Tún getur að vísu veitt undanþágu á þeirri reglu að veita kúnum aðgang að útivistarsvæði að vetrarlagi ef mjólkurkúr fara á beit á beitartímabilinu og aðstaðan til lausagöngu í fjósi á veturna (1. nóvember til 1. maí) er fullnægjandi.

Tjóðrun búfjár er bönnuð í lífrænum búskap. Vottunarstofan getur þó veitt undanþágu frá því banni ef sýnt er fram á nauðsyn þess af öryggis- eða velferðarástæðum og í eldri fjósum (byggð fyrir 1. maí 2001), ef gripirnir njóta reglubundinnar lausagöngu og hafa aðgang að útisvæðum þegar veður leyfir. Fjósin þurfa að vera með sléttum en ekki hálum gólfum og minnst helmingur gólfplatans verður að vera vera heill (hvorki grindur né rimlar). Undirburður eins og hálmur eða annað hentugt náttúru efni þarf að vera á hvíldarsvæðum kúa til að halda þeim þurrum.

Fjöldi gripa takmarkaður m.t.t. landstærð

Nægilegt landrými er krafa í lífrænni búfjárrækt. Fjöldi dýra er takmarkaður á hverja flatareiningu og er þá horft til þess að ræktun búfjár og plantna á hverja framleiðslueiningu séu samþætt. Landrýmið á bújörðinni segir til um leyfilegan fjölda búfjár en mikilvægi þess að halda þeim þáttum í réttu hlutfalli snýr að útilokun ofbeitar og jarðvegseyðingar en einnig til þess að dreifingu búfjáraður fylgi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Bændum í lífrænum búskap er ætlast til að haga beit í samræmi við opinberar reglur um sjálfbæra nýtingu beitilands.

Hámarksfjöldi mjólkurkúa á lífrænum búum er takmarkaður á tvo gripa á hvern hektara (sem jafngildir 170 N/ha/ár).

Mesta orkan úr gróffóðri

Í lífrænum landbúnaði er gott gróffóður undirstaða afurðanna og verður að minnsta kosti 70% þurrefnis í mánaðarlegum fóðurskammti vera ferskt, ómalað eða þurrkað gróffóður eða vothey. Í dagsskammti er lágmarkshlutfall þeirra 60% en með leyfi vottunarstofu er þó heimilt að minnka þetta hlutfall í 50% í mest 3 mánuði í byrjun mjaltaskeiðs. Þættir eins og hár meltanleiki og lystugleiki gróffóðurs skipta miklu máli ásamt fjölbreytni fóðurs og fjöldi gjafa. Sérstaklega þarf að huga vel að gæðum og magni fóðurs hjá kúm í hárra nyt og tryggja ótakmarkaðan aðgang að góðu drykkjarvatni. Mjólkurkýrnar eiga eingöngu að fá lífrænt framleitt fóður.



Eitt af lykilatriðum í lífrænum búskap er að framleiðsla fóðurs fari sem mest fram á búinu, með lífrænum aðferðum og sé vottað lífrænt. Minnst 70% af fóðri mjólkurkúa þarf að vera heimaaflað. Stefna þarf að því að ná sem mestri mjólkurframleiðslu af gróffóðri, beit á sumrin og heyi á veturna, með það í huga að ná jöfnum fóðurgæðum yfir mjaltaskeiðið þannig að nytin verði jöfn. Hér gilda sömu markmið og í hefðbundnum landbúnaði, að rækta orku- og próteinríkar plöntur. Í lífrænni túnrækt er mikil áhersla lögð á belgjurtarækt vegna getu þeirra við að binda köfnunarefni í jarðveginum. Heppilegar blöndur eru t.d. rauðsmári og vallarfoxgras eða rýgresi í uppskerumikil tún sem endast stutt og ræktun þeirra fellur því vel að sáðskiptum með korni og grænfóðri. Hvítsmári og vallarfoxgras, vallarsveifgras og önnur grös henta vel saman í tún sem eiga að endast lengi og þola blöndu af beit og slætti.

Lífræn ræktun og gjöf á rótarávöxtum og byggi er góð leið til að tryggja mjólkurkúm orku. Hlutfall kjarnfóðurs á að haldast í lágmarki m.t.t. viðhalds á eðlilegri vambarstarfsemi og eðlilerar fóðrunar jórturdýra.

Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2015-2016

7. tbl. 2015

Heilfóðrun hefur reynst vel á lífrænum kúabúum og auðveldar hún að ná jöfnum afurðum yfir mjaltaskeiðið og getur aukið átgetu um 5-10%.

Súrdoði hefur ekki verið það vandamál á lífrænum kúabúum sem spáð var og má líklega þakka það bæði minni og jafnari afurðum á mjaltaskeiðinu. Minna álag er á efnaskipti líkamans sem dregur úr hættu á efnaskiptasjúkdómum og stuðlar að betri endingu.

Enginn tilbúinn áburður

Notkun á tilbúnum áburði, skordýraeitri, hormónum og erfðabreyttum efnum er bönnuð í lífrænum landbúnaði. Sáðvara, áburður og varnarefni gegn illgresi og skordýrum eru af náttúrulegum/lífrænum uppruna.

Búfjáráburður er undirstöðuáburðar hér á landi og meðferð á honum þarf að vanda þannig að sem minnst tapist af efnum. Góðar og stórar geymslur eru forsenda góðrar nýtingar.

Safnhaugaáburður er einnig notaður en í safnhaug fara lífræn efni úr heimilissorpi, garðúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi á búinu eins og matarleifum, jurtaleifum, búfjáráburði, fiski- og beinamjöli, þangi og þara, hálm, moði, spæni og sagi. Markmiðið er að varðveita og umbreyta lífrænum efnum og skila þeim aftur til jarðvegarins til að bæta frjósemi hans. Rétt raka- og hitastig þarf að vera í safnhaugum til að mynda góð skilyrði fyrir lífverurnar sem sjá um niðurbrot á lífrænu efnasamböndum og krefst þetta ferli þekkingu bóndans á þessu sviði.

Í lífrænum landbúnaði er beitt skiptiræktun í stað síræktunar til að auka frjósemi jarðvegs og fyrirbyggja efnaskort og sjúkdóma. Með skiptirækt á að styrkja vistkerfi jarðvegsins og nást betri uppskeru, sterkari plöntur og betri jarðvegsbyggingu. Einnig er skiptirækt ein leið til að halda illgresi og sjúkdómum í skefjum. Sáðskiptaplan sem gerir ráð fyrir sex ára endingu á vallarfoxgrasi, getur t.d. verið eftirfarandi:

- 1.-6. ár: vallarfoxgras og rauðsmári
- 7. ár: grænfóður (rýgresi/hafrar eða kál/næpur)
- 8. ár: bygg, vallarfoxgras og smára sáð með

Við aðlögun að lífrænum búskap eykst landþörf til fóðurræktar og beitar um allt að 30% út frá reynslu manna en hefur verið áætluð 15-20 % þegar ræktun er komin vel á veg.

Sýklalyfjanotkun í lágmarki

Notkun hefðbundinna lyfja er háð ströngum skilyrðum (kerfisbundin og fyrirbyggjandi notkun þeirra er bönnuð) og aðeins að ráði dýralæknis ef aðrir kostir duga ekki til að tryggja heilsu og velferð dýranna. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru í fyrirrúmi í lífrænni rækt og mikilvægt að leggja mikið upp úr þeim.

- Hús og aðbúnaður sem veitir vellíðan kúa og lítill hætta er á slysum og meiðslum gripa

- Ræktun á heilbrigðum bústofni
- Fóðrun og meðferð sem stuðlar að hraustum einstaklingum og efla mótstöðu gegn sjúkdómum
- Notkun jurta- og smáskammtalækninga (náttúrulegra) eftir því sem hægt er en hefðbundinna lyfja ef annað dugar ekki. Eftir notkun hefðbundinna lyfja skal líða að minnsta kosti tvöfaldur útskilnaðartími áður en selja má afurðirnar
- BeitarSKIPulag er mikilvægt til að halda niðri ormasmiti í beitilandi

Kynbætur

Í lífrænum landbúnaði er stefnt að langlífum kúm og horft er til æviafurða kúnna frekar en ársnytar. Ekki er stefnt að mjög hárrí nyt á fyrstu mánuðum eftir burð heldur frekar að jafnri nyt yfir mjaltaskeiðið. Kýr með jafnar afurðir allt mjólkurskeiðið er auðveldara að fóðra á gróffóðri en kýr með mjög miklar afurðir í byrjun mjaltaskeiðs sem lækkar svo hratt. Kynbætur mjólkurkúa í lífrænum landbúnaði þurfa því að miðast við að ná sem mesta gróffóðurátgetu auk þess sem mikil áhersla er lögð á gott heilsufar og gott frjósemi. Smá kyn sem nýta sér vel beit eru vinsælar í lífrænni rækt.



Sæðingar eru heimilar í lífrænni búfjárrækt en bannað er að flytja fósturvísa, samstilla gangmál með hormónum eða nota lyf til að auka frjósemi, flýta eða framkalla beiðsli eða samstilla burð.

Lífræn mjólk – hennar sérstaða

Rannsóknir hafa sýnt að mjólk sem framleidd er með lífrænum aðferðum er með betra hlutfall af omega-3 á móti omega-6 fitusýrum. Rétt fitusýrusamsetning í næringu manna gegnir mikilvægu hlutverki að í vörn gegn blóðrásarsjúkdómum og krabbameini.

Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að lífræn mjólk inniheldur meiri magn náttúrulegra E-vítamína og andoxunarefna en mjólk sem framleidd er með hefðbundnum hætti.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir ráðgjöf til þeirra sem eru að velta fyrir sér lífrænni mjólkurframleiðslu og aðstoð í aðlögunarferlinu.

Lena Reiher

Ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

lr@rml.is

Heimildir

1. Reglugerð um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar. 74/2002 ásamt breytingum
2. Benbrook CM, Butler G, Latif MA, Leifert C, Davis DR (2013): Organic Production Enhances Milk Nutritional Quality by Shifting Fatty Acid Composition: A United States–Wide, 18-Month Study. PLoS ONE 8(12): e82429. doi:10.1371/journal.pone.0082429
3. Bergamo P et al (2003): Fat-soluble vitamin contents and fatty acid composition in organic and conventional Italian dairy products. Food Chemistry 82, 625 – 631
4. Robertson J & Fanning C (2004): Omega 3 Polyunsaturated Fatty Acids in Organic and Conventional Milk (University of Aberdeen)
5. Dewhurst R J, Fisher W J, Tweed J K S and Wilkins R J (2003): Comparison of grass and legume silages for milk production. 1. Production responses with different levels of concentrate. Journal of Dairy Science (volume 86 pages 2598-2611)
6. Guðlaugsdóttir, Hrafnlaug (2002). Lífrænn landbúnaður, kennsluefni fyrir búnaðarnám, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
7. Reglur Túns um lífræna framleiðslu og sjálfbærar náttúrunytjar (2013), Tún vottunarstofa. Útgáfa 652-2:9
8. Jónsdóttir, Ragnhildur H. (2013): Kennsluefni úr áfanga JRT412 – Lífrænn landbúnaður, Landbúnaðarháskóli Íslands.